Þinn hagur í bílavarahlutum
AB VARAHLUTIR

Glerárgötu 36 415-6415 Virkir: 8-18 | Lau: 10-14 akureyri.ab.is

10. tölublað
3. árgangur

NORÐURLAND

— 14. NÓVEMBER 2019 —

Viðbúin, tilbúin, byrja! / Hilmar Friðjónsson

Garðar Kári gerði konfektmola ársins

Heilsugæslustöðvar á Akureyri verða tvær

Baldvinsstofa opnuð við hátíðlega athöfn

Garðar Kári gerði konfektmola ársins

Akureyringurinn Garðar Kári Garðarsson var verðlaunaður fyrir konfektmola ársins 2019 í keppninni Eftirréttur Ársins & Konfektmoli Ársins 2019 sem Garri hélt í Laugardalshöll fimmtudaginn 31. október 2019.

Garðar hlaut að launum námskeið hjá Chocolate Academy Cacao Barry í Frakklandi.

Garðar var valinn Kokkur ársins árið 2018 en hann hefur einnig verið í kokkalandsliðinu undanfarin ár.

Skýrsla um uppbyggingu íþróttamannvirkja

Nú liggur fyrir skýrsla starfshóps um nýframkvæmdir íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar. Þar er að finna tillögur að forgangsröðun uppbyggingar næstu 15 árin. Frá þessu er greint á vef Akureyrarbæjar.

Samkvæmt tillögu frístundaráðs var skipaður þverpólitískur starfshópur sem tók til starfa í mars síðastliðnum. Hlutverk hópsins var að greina gróflega stofn- og rekstrarkostnað við helstu framtíðar íþróttamannvirki, setja upp sviðsmyndir um röð uppbyggingar, samspil verkefna og meta mögulegan framkvæmdahraða út frá fjárhagslegu svigrúmi bæjarins og fjárþörf verkefna.

Í upphafi var kallað eftir upplýsingum frá aðildarfélögum ÍBA, eins konar óskalista, um hvaða aðstöðu hvert félag þyrfti á næstu 5-15 árum, að teknu tilliti til staðsetningar og samlegðaráhrifa af nýtingu mannvirkja.

Í vinnu sinni horfði starfshópurinn til atriða sem skipta máli fyrir bæjarfélagið í heild. Einkum var litið til fjölbreytni og gæða núverandi íþróttamannvirkja, nýtingu þeirra, fjölda iðkenda, skólastarfs, ferðaþjónustu og almennings. Niðurstaða hópsins er forgangslisti með 11 verkefnum og er heildarkostnaður við þau gróflega metinn 6.750 milljónir króna.

Skýrslan var í vikunni til umfjöllunar í frístundaráði sem vísaði henni til bæjarráðs. Haldinn verður kynningarfundur um skýrsluna með íþróttahreyfingunni á mánudaginn.

Eftirtaldir áttu sæti í starfshópnum: Hildur Betty Kristjánsdóttir f.h. L-lista, Andri Teitsson f.h. L-lista, Tryggvi Már Ingvarsson f.h. Framsóknarflokksins, Arnar Þór Jóhannesson f.h. Samfylkingarinnar, Berglind Ósk Guðmundsdóttir f.h. Sjálfstæðisflokksins, Hannes Karlsson f.h. Miðflokksins og Ásrún Ýr Gestsdóttir f.h. Vinstri grænna. Í september 2019 bættist Anna Hildur Guðmundsdóttir, L-lista, í vinnuhópinn sem formaður frístundaráðs. Starfsmaður hópsins var Ellert Örn Erlingsson, deildarstjóri íþróttamála hjá Akureyrarbæ.

Mynd: Akureyri.is

Sjóböðin á Húsavík hljóta nýsköpunarverðlaun ferðaþjónustunnar 2019

Sjóböðin á Húsavík hljóta nýsköpunarverðlaun ferðaþjónustunnar árið 2019. Samtök ferðaþjónustunnar afhenda verðlaunin á afmælisdegi SAF, 11. nóvember ár hvert. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti Sjóböðunum á Húsavík verðlaunin við hátíðlega athöfn á Center Hotels við Laugaveg í Reykjavík í dag. Þessu er greint frá inn á vef Samtaka Ferðaþjónustunnar í dag.

Einróma álit nefndarinnar að Sjóböðin fengju verðlaunin

Þetta er í sextánda skipti sem SAF veita nýsköpunarverðlaun ferðaþjónustunnar en þetta árið bárust 32 tilnefningar í samkeppninni um verðlaunin. Sem fyrr endurspegla tilnefningarnar til nýsköpunarverðlauna ferðaþjónustunnar mikla grósku og nýsköpun í ferðaþjónustu um allt land. Hugmyndaauðgi, stórhugur og fagmennska einkennir mörg þau fyrirtæki sem tilnefnd voru og var dómnefnd því ákveðinn vandi á höndum. Nefndarmenn voru þó einróma um að handhafi verðlaunanna í ár séu Sjóböðin á Húsavík.

Ferðaþjónusta á Húsavík tekið stórt stökk við opnun Sjóbaðanna

Sjóböðin hafa fengið góðar viðtökur og fengið afar jákvæðar umsagnir bæði innlendra sem og erlendra gesta og hafa verið áberandi á samfélagsmiðlum. Eftir tilkomu Sjóbaðanna er það mál manna að ferðaþjónusta á Húsavík hafi tekið stórt stökk upp á við, þar sem þau hafa reynst sterkur segull allt árið um kring. Þau hafa án efa einnig mikla þýðingu fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í öllum landshlutanum.

Frá afhendingu nýsköpunarverðaluna ferðaþjónustunnar 2019. Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónstunnar, Jón Steindór Árnason, stjórnarformaður Sjóbaðanna á Húsav´k og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.

Mynd: Samtök ferðaþjónustunnar.

lindex.is
Skyrta
2999,–
LINDEX

TILRAUNAVERKEFNI TIL AÐ EFLA ÍBÚALÝÐRÆÐI

Fulltrúar Akureyrarbæjar tóku á dögunum þátt í vinnustofu, ásamt þremur öðrum sveitarfélögum, í tengslum við tilraunaverkefni um aukið íbúasamráð. Ákveðið hefur verið að hafa samráð við börn og ungmenni um breytingar á leiðarkerfi og þjónustu strætó. Frá þessu er greint á vefnum Akureyri.is

Forsaga verkefnisins er sú að bæjarstjórn samþykkti að leita leiða til að auka þátttöku íbúa og að stíga markviss skref í átt til þátttökulýðræðis. Í kjölfarið var samstarfs leitað við Samband íslenskra sveitarfélaga, sem hefur beitt sér fyrir aukinni samráðsmenningu í sveitarfélögum, ekki síst til að bregðast við minnkandi trausti á hefðbundnum stjórnmálum. Ákveðið var að ráðast í tilraunverkefni ásamt nokkrum öðrum sveitarfélögum með styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Alls sóttu tíu sveitarfélög um þátttöku en valin voru, auk Akureyrarbæjar, Norðurþing, Stykkishólmsbær og Kópavogsbær. Fyrsti samráðsfundur var haldinn í Kópavogi í lok ágúst. Á föstudaginn var haldinn annar vinnufundur á Akureyri með fulltrúum þátttökusveitarfélaganna, Sambandinu og sænskum og íslenskum ráðgjöfum. Sveitarfélögin kynntu sín verkefni, báru saman bækur sínar og fengu ráðgjöf um næstu skref.

Ákveðið hefur verið að verkefni Akureyrarbæjar snúist um samráð við börn og ungmenni um breytingar á leiðarkerfi og þjónustu Strætisvagna Akureyrar (SVA). Verkefnið var valið vegna þess að fyrirhuguð er endurskoðun á kerfinu, auk þess sem það samræmist aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar um innleiðingu barnasáttmálans. Markmiðið er að fá fram sjónarmið ungs fólks og taka tillit þeirra við breytingar, auk þess að læra meira um árangursríkar samráðsaðferðir sem gætu nýst við stefnumótun og ákvarðanatöku sveitarfélagsins til framtíðar.

Í stýrihópi vegna verkefnisins á Akureyri eru Sóley Björk Stefánsdóttir bæjarfulltrúi, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs, Halla Margrét Tryggvadóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og Þórgnýr Dýrfjörð, deildarstjóri Akureyrarstofu. Auk stýrihópsins koma að verkefninu Hrafn Svavarsson, rekstrarstjóri SVA, Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags og Jón Þór Kristjánsson, verkefnastjóri upplýsingamiðlunar.

Næsta skref er að undirbúa samráðsviðburði með unga fólkinu sem verða haldnir fyrir áramót. Stefnt er að því að fá enn fleiri íbúa að borðinu í framhaldinu þannig að fyrirhugaðar endurbætur á leiðarkerfi gangi vel og taki mið af þörfum sem flestra Akureyringa. Fróðlegt verður að fylgjast með verkefninu og verða sagðar frekari fréttir eftir því sem vinnunni vindur fram.

Mynd: Akureyri.is.
Þórgnýr Dýrfjörð og Sóley Björk Stefánsdóttir kynna verkefni Akureyrarbæjar.

EDDA BJÖRG LEIKUR Í VORIÐ VAKNAR

Leikkonan landsþekkta, Edda Björg Eyjólfsdóttir, verður á meðal leikara í verðlaunasöngleiknum Vorið vaknar sem Leikfélag Akureyrar frumsýnir í byrjun næsta árs.

Frá þessu er greint á vef Menningarfélags Akureyrar.

Vorið vaknar fjallar um fyrstu kynlífsreynslu, skólakerfið, kvíða og frelsisþrá unglinga í afturhaldssömu og þröngsýnu samfélagi 19. aldarinnar sem leyfir engin frávik frá hinu viðtekna.

Uppfærsla söngleiksins á Broadway árið 2006, hlaut átta Tony verðlaun og þar á meðal sem besti nýi söngleikurinn. Uppsetningin vann þar að auki fjölda annarra verðlauna og tilnefninga og hefur farið sigurför um heiminn allar götur síðan. Vorið vaknar er nú sett upp í fyrsta sinn í atvinnuleikhúsi á Íslandi.

Aðrir leikarar eru Þorsteinn Bachmann, Ahd Tamini, Ari Orrason, Árni Beinteinn Árnason, Bjarklind Ásta Brynjólfsdóttir, Eik Haraldsdóttir, Jónína Björt Gunnarsdóttir, Júlí Heiðar Halldórsson, Rúnar Kristinn Rúnarsson, Viktoría Sigurðardóttir og Þórdís Björk Þorfinnsdóttir. Marta Nordal leikstýrir.

10. tölublað, 3. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.
Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: amundi@fotspor.is.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 10.500 eintökum á öll heimili á Suðurlandi.

Velkomin á Nesdekk Njarðarnesi 1

Okkar fagmenn þjóna þér:

- Smurþjónusta
- Viðgerðaþjónusta
- Dekkjaþjónusta
- Þrifþjónusta

Verið velkomin.

Nesdekk / Njarðarnes 1 / 603 Akureyri / nesdekk.is / akureyri@nesdekk.is / 460 4350

ABBA LABBA LÁ OG ÖNNUR KVÆÐI

Þegar ég var lítil stelpa þá fann ég lúið og marglesið eintak af Svörtum fjöðrum Davíðs Stefánssonar sem var fyrsta bók skáldsins unga, gefin út 1919 og fékk eins og flestir þekkja, gríðarlega góðar móttökur. Ég sjálf, varla meira en tólf ára gömul, heillaðist gjörsamlega og las þessa litlu bók aftur og aftur.

Mér fundust þessi ljóð heillandi og einhvernvegin svo nálægt mér. Mér fannst ég raunverulega getað lifað mig inn í þau eins og skáldsögu, upplifað tilfinningarnar, séð landslagið og fundið ilminn. Eina ljóðið sem ég ekki gat tengt við og fannst eiginlega arfavitlaust að það skyldi vera haft með öllum dásamlegu ljóðunum var „Abba labba lá". Ég botnaði ekkert í því hvað Davíð var að fara þar og margir hafa reyndar síðan fundið mismunandi boðskap í ljóðinu því.

Síðan hef ég þó verið mikill aðdáandi Davíðs og flest af hans kveðskap finnst mér vera merkilegt og magnað. Því skil ég vel hvernig æska landsins brást við þessari fyrstu bók hans, það virðist hafa verið álíka bylting og ef Bítlarnir frá Liverpool hefðu birst í Austurstræti fyrst allra staða.

Fyrir mörgum árum síðan vann ég einn vetur á deild fyrir heilabilaða, aldraða einstaklinga á hjúkrunarheimili í Reykjavík. Ég fékk þar frábært tækifæri til að vinna skemmtilega þróunarvinnu í því að finna hæfilegar tómstundir fyrir íbúa deildarinnar. Ég starfaði með frábærum þroskaþjálfa og við höfðum báðar mikinn áhuga á að finna tómstundir sem sýndu íbúunum virðingu sem fullorðnum einstaklingum en væru að veita ánægju þrátt fyrir skerta vitsmunalega færni. Við brölluðum ýmislegt þennan vetur, lærðum öll ýmislegt og skemmtum okkur trúi ég öll vel. Við prófuðum nýjar matartegundir, horfðum á dans og söngvamyndir, sungum og spiluðum, stofnuðum jazzklúbb og ekki hvað síst, stofnuðum ljóðaklúbb. Ekki höfðu allir trú á okkur og ljóðaklúbburinn var af mörgum talinn vonlaus. Hvernig átti fólk sem mundi ekki eftir sínum nánustu að geta hlustað á eða farið með ljóð?

Ljóðaklúbburinn var þó árangursríkur, fólk naut þess að hlusta og sérstaklega ef ljóðin voru kunnugleg og höfðu hrynjandi og rím.

Svo kom að Davíðs þætti Stefánssonar. Skemmst er frá því að segja að þá fór hópurinn og sérstaklega konurnar á flug. Þær lyftust í sætunum,, brostu allan hringinn og það kom ljómi í augun. Sumar fóru auðveldlega með kvæðin hans, sérstaklega þau úr Svörtum fjöðrum og jafnvel þótt þær væru eiginlega hættar að tala annars. Ein þessara kvenna hafði unnið í bókabúð í Reykjavík þegar bókin kom út og hún hafði meira að segja hitt skáldið. Hún varð dreymin þegar hún sagði frá þeim fundi og greinilegt að það lifði í minningunni sem eitthvað stórkostlegt.

Á komandi ljóðaklúbbsfundum þyddi lítið að fjalla um önnur skáld en Davíð þannig að við gáfumst bara upp og héldum áfram að rifja upp ljóðin hans, lesa þau og syngja, og við heyrðum söguna af því þegar Davíð kom í bókabúðina í Reykjavík í nokkur skipti í viðbót.

Það var göldrótt að upplifa tilfinningar þessar kynslóðar til skáldsins og upplifun fyrir mig og aðra sem urðu vitni að því . Og nú eru liðin hundrað ár frá fyrstu útgáfu Svartra fjaðra og við erum enn að minnast snilldarinnar. Ég skora á rappara landsins að búa til nýja vakningu með ljóðunum hans Davíðs á meðal ungra dagsins í dag og rappa ljóðin hans, þau eru áreiðanlega frábærlega til þess fallin.

Svo treysti ég því að einhver setji Svartar fjaðrir í mín heyrnartól í ellinni takk.

Inga Dagný Eydal

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

ÓKEYPIS
RAFGEYMAMÆLING!

Eigum allar stærðir rafgeyma á lager

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

SS BYGGIR SVARAR GAGNRÝNENDUM OG ÚTSKÝRIR HUGMYNDINA AÐ EYRINNI

Hávær umræða hefur áberandi vegna áætlanna byggingafyrirtækisins SS Byggir á Oddeyrinni, austan Hjalteyrargötu . Margir eru á móti skipulaginu og m.a. hefur verið settur af stað undirskriftarlisti til að mótmæla þessum hugmyndum. Bæjarstjórn Akureyrar hefur þegar samþykkt skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi á umræddu svæði á Oddeyri sem einnig felur í sér breytingu á rammahluta aðalskipulagsins sem nær til Oddeyrar.

Umhverfisleg ábyrgð að byggja hærri hús og styrkja innviði bæjarins í stað þess að byggja áfram á útjaðri

SS Byggir hefur ekki tekið mikinn þátt í umræðunni hingað til en gáfu frá sér yfirlýsingu í gær þar sem farið er ítarlega yfir ástæður hugmyndarinnar, hvað hún kemur til með að gefa bænum o.s.fv. Háværasta gagnrýnin á skipulagið virðist vera sú að fólk er ekki sátt við hæð húsanna og hefur áhyggjur af flugi vegna hæða þeirra. Augljóst er að SS Byggir hefur tekið saman alla þá punkta sem hafa verið áberandi í umræðunni og svarað þeim ítarlega í þessari yfirlýsingu. Yfirlýsinguna má lesa í heild sinni hér að neðan.

Lóðaframboð og þétting byggðar

Á Akureyri má áætla að byggðar hafi verið um 100 til 200 nýjar íbúðir á ári hverju frá því að húsnæðismarkaður tók við sér að nýju eftir hrun. Sú viðbót við húsnæðismarkaðinn hefur verið nægjanleg enda fjölgun íbúa í bænum verið frekar lítil á milli ára. Bæjaryfirvöld skipuleggja lóðir og úthluta þeim til fólks og fyrirtækja og ákveða þannig hvar nýjar íbúðir eigi að rísa. Með því að tryggja gott lóðaframboð geta yfirvöld aukið samkeppni á byggingamarkaði sem aftur stemmir stigu við verðhækkun nýrra fasteigna. Ef allar nýjar íbúðir á komandi árum verða byggðar í útjaðri bæjarins, líkt og tíðkast hefur, kallar það á dýra uppbyggingu innviða, nýja skóla og leikskóla, nýjar götur og stíga, nýjar veitulagnir og frárennsli o.fl. Einnig mun slík þróun valda kostnaðaraukningu í almenningssamgöngum o.s.frv. Er þá einungis fjallað um aukin kostnað hins opinbera en ekki almennings og fyrirtækja sem að sama skapi eykst eftir því sem búseta færist lengra frá miðkjarna bæjarins.

Bæjarsjóður

Tekjur bæjarins af gatnagerðargjöldum þegar og ef byggingaráform á Eyrinni verða samþykkt eru umtalsverðar á sama tíma og miklir fjármunir sparast vegna þess að ekki þarf að ryðja land annarsstaðar á móti. Fasteignagjöld til bæjarins munu margfaldast á svæðinu ef landnýting verður í takt við hugmyndir þróunaraðila. Áframhaldandi uppbygging á Eyrinni mun síðan einungis styrkja fjárhagsstöðu Akureyrarbæjar og þannig hjálpa bæjarfélaginu að standa undir auknum kröfum um þjónustu og samkeppnishæfi. Eyrin er því lykillinn af framtíð Akureyrar!

Deiliskipulag kallar á breytingar og uppkaup

Hugmyndir að því að byggja íbúðir í þéttri byggð á umræddum byggingarreit hafa komið fram í deiliskipulagsgögnum frá Akureyrarbæ mörg undanfarin ár. Hugmyndin er því ekki komin frá SS Byggir ehf. SS Byggir ehf hefur hins vegar óskað eftir því að fá að byggja hærri hús en fjögurra hæða eins og rammaskipulag svæðisins segir til um og þess vegna sótt um breytingu á aðalskipulagi. Það flóknasta og erfiðasta við þessar hugmyndir er að innan skipulagsreitsins er eitt einbýlishús. Ef verkefnið hlýtur brautargengi næst vonandi gott samkomulag við íbúa þess um uppkaup sem og við aðra eigendur á svæðinu. Núverandi og gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir uppbyggingu á þessum reit með tilheyrandi uppkaupum og niðurrifi eldri bygginga.

Umhverfisleg ábyrgð

Skynsamleg landnýting á Eyrinni er umhverfismál. Aukin búseta miðsvæðis dregur úr notkun á einkabílum og eykur möguleika á notkun almenningssamgangna. Bíllaus lífstíll er góður kostur á flatanum á Eyrinni, þar sem stutt er í verslun og þjónustu og fjöldi vinnustaða eru innan göngufæris. Vinna stórtækra vinnuvéla við jarðvegsskipti nýtist fyrir fleiri byggða fermetra þegar landnýting er góð og byggðar eru fleiri hæðir upp. Að brjóta land með tilheyrandi jarðvegsvinnu og jarðvegsflutningum stórtækra vinnuvéla í dreifðri byggð skilur eftir sig stórt kolefnisspor. Hugmyndir SS Byggir ehf um uppbyggingu á Eyrinni miðast við vistvæna hönnun og byggingu. Á tímum upplýsingar, umhverfisvitundar og sjálfbærni er mikilvægt að hönnuðir og byggingaraðilar sýni samfélagslega ábyrgð og það sama á við um bæjaryfirvöld þegar kemur að landnýtingu, almenningssamgöngum og innviðauppbyggingu. Nýtum tækifærin á Eyrinni með umhverfið og framtíðina í huga!

Af hverju Eyrin?

Eyrin er ákjósanleg fyrir margar sakir. Eyrin er m.a. áhugaverð vegna góðrar staðsetningar, góðra tenginga við almenningssamgöngur, sögunnar, nálægðar við sjóinn, veðursældar og legu landsins. Til að komast af stað með uppbyggingu Eyrarinnar þarf að hefjast handa við uppkaup eigna. Uppkaup eigna, ef til koma, eru kostnaðarsöm. Jarðvegur á Eyrinni er að einhverju leyti landfylling sem kallar á sértækar grundunaraðgerðir. Uppkaup eigna og form grundunar gera það að verkum að kostnaður við hverja lóð er frekar hár. Til þess að halda söluverði í takti við markaðsverð nýbygginga þarf því að þessu sögðu, að byggja mikinn fjölda seljanlegra fermetra ofan á hvern lóðarfermetra. 3. – 4. hæða hús koma þess vegna ekki til greina þar sem að kostnaðarverð þeirra yrði mun hærra en markaðsverð nýbygginga. Slíkt verkefni fengi ekki fjármögnun enda eru gerðar miklar kröfur af hendi fjármögnunarfyrirtækja til útreikninga og áætlana áður en ákvörðun um framkvæmdafjármögnun liggur fyrir.

Núverandi staða

Mikil óvissa hefur í raun ríkt um framtíð Eyrarinnar og því hefur mörgum fasteignum og auðum svæðum austan Hjalteyrargötu lítið verið viðhaldið. Á því eru samt nokkrar ágætar undantekningar. Til þess að nýjar íbúðir, byggðar innan um vanræktar lóðir og fasteignir, verði eftirsóknarverðar, þarf að bjóða upp á einhverja sérstöðu. Hluti af þeirri sérstöðu er útsýni og til þess að tryggja sem flestum gott útsýni, þarf að byggja íbúðir sem þar sem horft er yfir núverandi byggingar á aðliggjandi reitum. Ímynd Eyrarinnar þarf á jákvæðri uppbyggingu að halda og mörg svæðanna austan Hjalteyrargötu eru bænum til lítils sóma. Þau svæði eru í dag hluti þess útsýnis sem blasir við skemmtiferðaskipum við komu þeirra til Akureyrar.

Jákvæð áhrif uppbyggingar

Aukin þétting byggðar á Eyrinni eykur íbúafjölda á svæðinu sem skapar öflugra og fjölbreyttara mannlíf. Við það myndast tækifæri til aukinnar þjónustu við nýja og eldri íbúa Eyrarinnar sem allir íbúar Akureyrar geta notið góðs af. Öflugt mannlíf gerir Eyrina að eftirsóknarverðum búsetukosti fyrir íbúa Akureyrar og að áhugaverðu rekstrarumhverfi fyrir þjónustufyrirtæki svæðisins. Uppbygging Eyrarinnar getur styrkt byggðina vestan Hjalteyrargötu og haft jákvæð áhrif á fasteignaverð og fasteignasölu. Við það myndast tækifæri til viðhalds og uppbyggingar á eldri eignum. Eyrin getur orðið eftirsóknarverðasti staður Akureyrar ef vel er á málum haldið og ef uppbygging hennar dregst ekki úr hófi.

Flugvöllurinn

Talsvert hefur verið rætt um hæð bygginga og áhrif þeirra á mögulegt millilandaflug í gegnum Akureyrarflugvöll. Í núgildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að byggingar megi vera um og yfir 40 metrar að hæð innan þess reits sem um er rætt. Hæð þeirra bygginga sem SS Byggir ehf er leita eftir að fá samþykktar eru vel innan núgildandi krafna flugmálayfirvalda. Isavia ohf mun fá hugmyndir SS Byggir ehf til umsagnar og allir flugrekstraraðilar geta kynnt sér byggingaáformin og komið með athugasemdir ef eitthvað hefur breyst frá því að gildandi kröfur voru settar fram. Hagsmunir Akureyringa og SS Byggir ehf eru þeir sömu þegar kemur að framtíð flugs um Akureyrarflugvöll.

Hvað er í boði?

Sitt sýnist hverjum þegar kemur að skipulagsmálum, það er gömul saga og ný. Nú er hægt að segja að a.m.k. þrír kostir séu í stöðunni. Sá fyrsti er óbreytt ástand. Engin uppkaup og litlar sem engar breytingar. Annar kostur væri að Akureyrarbær keypti upp allar eignirnar á reitnum, enda hefur bærinn áhuga á að þétta byggð og endurbyggja þennan hluta Eyrarinnar, samkvæmt gildandi skipulagi. Í framhaldi gæti bærinn svo auglýst og úthlutað lóðum sem passa inn í gildandi skipulag. Þessi leið myndi kosta bæinn talsverða fjármuni og minnka tekjur hans til skemmri og lengri tíma. Einnig myndi þessi leið skapa fordæmi fyrir aðliggjandi reiti og því má gróflega halda fram að kostnaðarauki og tekjutap bæjarins gæti hlaupið á milljörðum króna. Þriðji kosturinn sem hér er nefndur og er nú í ferli er síðan breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir umræddan reit, í samvinnu við þróunaraðila, SS Byggir ehf. Slík breyting á skipulagi er háð lögum og reglum, gögn send til að fyrirtækja og stofnanna og þeim ásamt nágrönnum og almenningi gefin kostur til athugasemda. Það er von SS Byggir ehf að þessi kostur fái réttmæta og málefnalega meðferð, lögum samkvæmt og að niðurstaða liggi fyrir sem fyrst.

Mynd: Kaffið.is

BALDVINSSTOFA OPNUÐ VIÐ HÁTÍÐLEGA ATHÖFN

Baldvinsstofa var opnuð þann 5.nóvember við hátíðlega athöfn í Hamri. Baldvinsstofa er gjöf Minningarsjóðs Baldvins Rúnarssonar til Íþróttafélagsins Þórs. Um er að ræða fyrirmyndar líkamsræktaraðstöðu í vestursal Hamars sem mun efla alla styrktarþjálfun félagsins og það heima í Hamri. Minningarsjóður Baldvins var stofnaður af fjölskyldu og vinum Baldvins, sem lést þann 31.maí 2019, 25 ára að aldri eftir fimm ára baráttu við krabbamein. Sjóðnum er ætlað að styrkja einstaklinga, hópa eða félög á sviði íþrótta- og mannúðarmála í anda Baldvins.

Minningarsjóðurinn hafði veg og vanda að opnuninni í gær og var stjórnarfólki, þjálfurum og öðrum starfsmönnum Þórs boðið að vera viðstödd opnunina auk þess sem fulltrúar allra meistaraflokka félagsins mættu á svæðið.

Draumur Baldvins að Þórsarar ættu sína eigin rækt

Ragnheiður Jakobsdóttir, móðir Baldvins, hélt tölu fyrir hönd sjóðsins; bauð fólk velkomið í Baldvinsstofu, fór yfir framkvæmdirnar sem hafa átt sér stað og fleira áður en hún afhenti Inga Björnssyni, formanni Þórs, Baldvinsstofu með formlegum hætti.

Í máli Ragnheiðar kom fram ástæðan fyrir því að sjóðurinn ákvað að ráðast í þetta tiltekna verkefni.

„Það var draumur Baldvins að Þórsarar ættu sína eigin „rækt“ og þyrfti ekki að sækja þá þjónustu annað . Síðastliðið haust þegar verið var að starta enn og aftur styrktarþjálfun hér í þessum sal, tína saman það sem til var og bæta aðeins í safnið þá var hann sísuðandi í mér hvort fjölskyldufyrirtækið okkar gæti ekki klárað þetta dæmi og fengið nafn sitt á salinn. Þessi áhugi hans var kveikjan af þessu verkefni og það var ákveðið á fyrsta fundi sjóðsins að leggja til fjármuni og vinnu í það að bæta líkamsræktaraðstöðuna hér í Hamri og í kjölfar Reykjavíkurmaraþonsins í ágúst var orðið ljóst að við gætum farið „all inn“ í verkefnið, segir Ragnheiður.

Flest alvöru félög eru með einhvern vott af líkamsræktaraðstöðu á félagssvæði sínu. Meir og meir er styrktarþjálfun komin inn í æfingarprógram allt niður í 10 ára iðkenda. Við vonum því að aðstaðan eigi eftir að skipta sköpum fyrir félagið sem betri aðbúnaður fyrir iðkendur, meira aðdráttarafl að fá nýja iðkendur, eftirsóknarverðara að vinna fyrir klúbbinn svo eitthvað sé nefnt. Það er okkar ósk að salurinn verði sem mest í notkun og allar greinar og þeir flokkar sem eru í styrktarþjálfun nýti sér aðstöðuna,“ sagði Ragnheiður jafnframt.

Líkamsræktartæki upp á rúm 3 tonn

Framkvæmdirnar hafa staðið yfir undanfarna mánuði en meðal annars er búið að mála allan vestursalinn auk þess sem loftið var hvíttað. Komin er ný lýsing og búið að setja upp vask. Keypt voru ný tæki og tól sem vógu alls 3 tonn. Þá munu koma nýir gluggar í rýmið áður en langt um líður.

Fjölmargar vinnustundir hafa farið í verkefnið og hafði Rúnar Hermannsson, faðir Baldvins, veg og vanda að framkvæmdunum með góðri hjálp fjölda fólks og fyrirtækja. Voru þeim færðar bestu þakkir fyrir sitt framlag.

Show must go on

Áður en Ragnheiður afhenti Inga Baldvinsstofu með formlegum hætti minntist hún þess hvernig Baldvin tæklaði veikindi sín.

„Show must go on“ voru skilaboð Baldvins til okkar hinna sem sitjum hér eftir og veltum fyrir okkur tilgangi lífsins. Hann bað okkur að halda áfram og hafa það hugfast að hafa gaman á þeirri leið. Og þeir íþróttamenn sem eiga eftir að æfa hér mættu hafa það hugfast að kvarta hvorki yfir leiðinlegum né erfiðum æfingum. Baldvin kvartaði aldrei og vildi ekki fá neina vorkunn þó að fjallið sem hann þurfti að klífa hafi verið töluvert brattara,“ sagði Ragnheiður.

Mikilvægt að fá íþróttafólk úr öllum deildum í félagsheimilið

Ingi Björnsson steig í pontu í kjölfarið og færði sjóðnum bestu þakkir félagsins. Hann sagði þetta framtak virkilega mikilvægt öllu starfi félagsins, ekki síst með tilliti til þess að nýta félagsheimilið betur. Hér gæti íþróttafólk úr öllum deildum æft og um leið verið í sínu félagsheimili.

Áður var rýmið nýtt undir alls kyns starfsemi sem mun nú að færast annað og hrósaði Ingi Þórsurum fyrir hvernig unnið var úr þeim málum, með samtölum og samvinnu.

Baldvinsstofa er nú komin í notkun og hafa þjálfarar allra deilda verið að setja niður tímatöflu undanfarnar vikur. Óhætt er að segja að aðstaðan sé eins og best verður á kosið og geta iðkendur félagsins nú ræktað líkama og sál í höfuðstöðvum félagsins í auknum mæli.

Leikmenn meistaraflokka félagsins munu njóta góðs af aðstöðunni. Frá vinstri: Helga María Viðarsdóttir, Baldur Örn Jóhannesson, Jóhann Geir Sævarsson, Sveinn Elías Jónsson, Júlíus Orri Ágústsson, Jakob Snær Árnason, Hulda Ósk Jónsdóttir, Heiða Ragney Viðarsdóttir.

Það er alltaf rétti tíminn að eignast vandaðan heitan pott á hagstæðu verði.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 30 ÁR

NormX hitaveitupottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Við seljum lok á alla okkar potta.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Háskólanám erlendis
á sviði skapandi greina

Lingó er vottaður umboðsaðili á Íslandi fyrir **alþjóðlega fagháskóla** á Englandi, Skotlandi, Þýskalandi, Ítalíu, Spáni, Ástralíu, Nýja Sjálandi, Kanada og í Bandaríkjunum.

Nám í slíkum skóla er einstakt tækifæri til að kynnast **suðupotti hugmynda**, stefnum og straumum víða að úr heiminum. Aðstaða og umhverfi er eins og best gerist og **kennarar eru reyndir fagmenn og sérfræðingar**.

Nám erlendis í **hönnun, miðlun, sjónlistum, stjórnun, sviðslistum, tísku, ferðaþjónustu eða viðskiptum,** opnar einnig möguleika á að hitta **„rétta“** fólkið og komast áfram á alþjóðlegum markaði.

OPIÐ
fyrir umsóknir

lingo
MÁLAMIÐLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

AKUREYRARBÆR FÉKK VIÐURKENNINGU JAFNVÆGISVOGARINNAR 2019

Akureyrarbær var, fyrr í þessum mánuði annað tveggja íslenskra sveitarfélaga til að hljóta viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar 2019. Viðurkenningarathöfn fór fram á Grand Hótel í Reykjavík og veitti Halla Margrét Tryggvadóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Akureyrarbæjar, þeim viðtöku fyrir hönd sveitarfélagsins.

Jafnvægisvogin, hreyfiaflsverkefni FKA, veitti viðurkenningar til sextán fyrirtækja og tveggja sveitarfélaga úr hópi þeirra aðila sem undirrituðu viljayfirlýsingu á síðasta ári og tóku þátt í könnun um aðgerðir sem gripið var til. Markmið Jafnvægisvogar um 40/60 kynjahlutfall í framkvæmdastjórn og stjórn var haft til hliðsjónar við matið. Stór hluti þeirra þátttakenda sem skrifuðu undir viljayfirlýsingu Jafnvægisvogarinnar haustið 2018 hafa náð góðum árangri á þessu sviði og fjölgaði þeim fyrirtækjum sem hafa náð markmiðunum. Auk þess vekja þátttakendur í Jafnvægisvoginni athygli á jafnréttismálum innan sinna fyrirtækja með ýmsum öðrum hætti.

Tilgangur Jafnvægisvogarinnar er:

Að auka á jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði hlutfallið á milli kynja 40/60 í framkvæmdastjórnum fyrirtækja á Íslandi.

Að virkja íslenskt viðskiptalíf til að verða að fyrirmynd jafnréttis fyrir aðrar þjóðir.

Að veita viðurkenningar og draga fram í sviðljósið fyrirtæki sem hafa náð markmiðum Jafnvægisvogarinnar.

Að standa fyrir viðburðum og fræðslu og vekja samfélagið til hugsunar um virði fjölbreytileika og jafnvægis.

Að taka saman heildræna stöðu og niðurstöðu greininga á stöðu stjórnenda í íslensku atvinnulífi og birta niðurstöður.

Mynd: Akureyri.is
Halla Margrét Tryggvadóttir veitir viðurkenningu Jafnréttisvogarinna r viðtöku úr hendi Elizu Reid.

RODRIGO GOMES TIL KA

KA menn eru byrjaðir að styrkja sig fyrir átökin í Pepsi Max deildinni næsta sumar. Rodrigo Gomes Mateo hefur skrifað undir tveggja ára samning við félagið en hann hefur undanfarin fimm ár spilað fyrir Grindavík og þekkir því vel til þjálfara KA manna, Óla Stefáns Flóventssonar. Rodrigo er þrítugur miðjumaður frá Spáni.

Í frétt af heimasíðu KA segir „Rodrigo er varnarsinnaður miðjumaður og ætlumst við í KA til mikils af honum. Hann þekkir íslenska boltann gríðarlega vel eftir tíma sinn með Grindavík og ætti því að smella vel inn í hópinn. Við bjóðum Rodrigo velkominn í KA,“

Styrkir
til samfélagsverkefna 2020

Norðurorka hf. veitir styrki til samfélagsverkefna, veittir eru styrkir til menningar- og lista, æskulýðsstarfs og góðgerðarmála.

Markmið með styrkjum Norðurorku er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðlar að farsælli þróun samfélagsins, lífsgæðum og fjölbreyttu mannlífi.

Umsókn um styrki skal skila á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Norðurorku hf. **www.no.is** (undir tenglinum **UM NO**) eða í þjónustuveri að Rangárvöllum, 603 Akureyri.

1. Með pósti á Norðurorka hf., Rangárvöllum, 603 Akureyri eða
2. sem fylgiskjal með tölvupósti á netfangið **no@no.is**

Fylgiskjöl með umsókninni má senda hvort heldur sem er í tölvutæku formi með tölvupósti eða með póstlagðri umsókn.

Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember 2019

NORÐURORKA

RANGÁRVÖLLUM | 603 AKUREYRI | SÍMI 460 1300 | FAX 460 1301 | no@no.is | www.no.is

MITSUBISHI OUTLANDER PLUG-IN HYBRID
- Nýr 2020 árgerð Verð kr. 4.590.000 skráður

- Webasto miðstöð með app í síma
- Leiðsögukerfi
- Lyklalaust aðgengi og start
- Bakkmyndavél
- Snertiskjár
- Símkerfi
- Hraðastillir
- Metalic lakk
- Þokuljós
- Start/stop Automatic
- Dekkjaþrýsi kerfi
- Leðurstýri
- 18" álfelgur
- Apple CarPlay
- Blatannabúnaður
- Aðgerðastýri
- Hiti í framsætum
- USB innstungur
- Loftkæling 2 rása
- Regn- og ljósaskynjari
- Rafm. hitaðir speglar og aðfellanlegir
- Borðtölva
- Dráttarkúla aftengjanleg (kostar kr. 130.000 auka)
- 5 ára ábyrgð
- 8 ára ábyrgð á rafgeymum og hleðslu
- Rafstillanleg bílstjórasæti

Nýr MAN TGS 41.460 BB 8x8

Driflæsing á öllum öxlum

Verð 15.900.000 + vsk

Mercedes Bens 2858 Dráttarbíll

Árgerð 215
Ekinn 220.000 km.
120 tonna dráttargeta
Sjálfsk. loftpúðar, Retarder
BigSpace ökumannshús
Verð 9.600.000 + vsk

Nú er gott að huga að því að panta og kaupa Hobby hjólhýsi og húsbíla 2020 árgerðir

Hobby 460Ufe Excellent 3.780.000.-	Hobby 540UL Excellent 3.950.000.-	Hobby 560LU Prestige 4.230.000.-
Hobby 495UL Excellent 3.780.000.-	Hobby 540Fu Excellent 4.220.000.-	Hobby 620 CL Prestige 4.490.000.-
Hobby 495Ufe Excellent 3.900.000.-	Hobby 560Cfe Excellent 4.260.000.-	Hobby 560UL Premium 4.760.000.-

Öll verð með 24% vsk. og skráð á Egilsstöðum.

bosal.is

Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson
bosal.is - Sími 777 5007 - Email: boas@bosal.is - Hafnargata 28, 710 Seyðisfirði

KEPPTU Í ÍÞRÓTTUM OG STYRKTU GEÐDEILDINA

Gleðin var allsráðandi á íþróttadeginum í Íþróttahöllinni Akureyri á dögunum þegar nemendur í Verkmenntaskólanum á Akureyri og Framhaldsskólanum á Laugum mættust í hinum ýmsu íþróttagreinum. Auk keppninnar var dagurinn hugsaður sem góðgerðarviðburður en allur ágóði af veitingasölu á mótinu rann til geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri. Hilmar Friðjónsson kennari í VMA var með myndavélina á lofti og tók þessar skemmtilegu myndir.

VILTU AUGLÝSA Í NORÐURLANDI?

AUGLÝSINGASÍMINN ER 578-1190

NETFANGIÐ ER AUGLYSINGAR@FOTSPOR.IS

Heilsugæslustöðvar á Akureyri verða tvær

„Stórum áfanga er náð í málefnum heilsugæslunnar á Akureyri en Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að gert verði ráð fyrir tveimur starfsstöðvum heilsugæslu í Akureyrarbæ. Auglýst verði eftir húsnæði fyrir stöðvarnar í byrjun næsta árs og er þessi ákvörðun ráðherra í samræmi við vilja stjórnenda Heilbrigðisstofnunar Norðurlands," kemur fram í tilkynningu á vef Heilsugæslustöðvar Norðurlands.

Núverandi húsnæði heilsugæslustöðvarinnar er staðsett í miðbæ Akureyrar í fjögurra hæða húsi sem er óhentugt, illa hannað fyrir nútíma heilsugæslu og aðgengi slæmt. Auk þess er húsnæði heimahjúkrunar staðsett í Skarðshlíð. Sagði Svandís Svavarsdóttir að löngu væri tímabært að færa heilsugæsluþjónustuna á Akureyri í fullnægjandi húsnæði:

„Áhersla stjórnvalda er að leggja áherslu á að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað fólks í heilbrigðiskerfinu þar sem aðgengi er gott og þjónustan þverfagleg. Aðlaðandi starfsumhverfi sem mætir vel þörfum starfsfólks og notenda skiptir máli í því samhengi."

Heilsugæslustöðin á Akureyri hefur stóran hóp skjólstæðinga en rúmlega 21.000 manns eru skráðir á stöðina og eru það töluvert fleiri einstaklingar en að jafnaði eru skráðir við heilsugæslustöðvar höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt spám um mannfjöldaþróun á upptökusvæði heilsugæslunnar á Akureyri má búast við að íbúar verði þar nálægt 25.000 árið 2030.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands skipaði fyrir tveimur árum vinnuhóp með aðstoð ráðgjafafyrirtækis til að gera úttekt á húsnæði heilsugæslunnar á Akureyri með það markmið að varpa ljósi á nauðsyn þess að heilsugæslan flytti í nýtt húsnæði. Tekið var tillit til stækkunar Akureyrarbæjar, fjölgunar íbúa og breytinga á aldurssamsetningu íbúa. Í skýrslunni var talið æskilegt að heilsugæslan yrði í tveimur starfsstöðvum og þjónusta og starfsemi sambærileg á báðum stöðum. Jón Helgi Björnsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, sagði skýrsluna mikilvægan áfanga í þróun heilsugæslunnar á Akureyri og með henni mörkuð sú leið sem Heilbrigðisstofnunin vill fara á komandi árum.

Mynd: KA.is

Pólar HESTAR

Hestaferðir

Við bjóðum upp á stuttar hestaferðir alla daga sem henta knöpum á öllum aldri og með mismunandi reynslu.
Kaffi og kökur fylgja í lok hverrar ferðar.
www.polarhestar.is

Vinsamlegast bókið með fyrirvara: 89 6 1879
Pólar Hestar – Grýtubakki II – 601 Akureyri
Upplagt að líta við á Grenivík í leiðinni:
www.grenivik.is

Íslensk ullarsæng



LOPI

Gæða ull af íslensku sauðfé
létt · hlý · góð öndun · vistvæn

www.lopidraumur.is

Íslensk ull
Gæðamerki

NORÐURLAND

10. tölublað
3. árgangur

13.000 eintök frítt um allt Norðurland annan hvern fimmtudag

Göngubraut: 69.500,-
Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, Rvk.
PREKTÆKI

BAKÞANKAR Svavar

ÞEGAR ÉG FÓR FRÁ KONUNNI

Einn vetrardag fyrir mörgum árum sótti ég konuna út á flugvöll. Hún hafði farið á fund í Reykjavík um morguninn. Ég og yngsta barnið eyddum deginum heima og lúrðum í sjónvarpssófanum.

Frá flugvellinum renndum við upp í Hrísalund til að kaupa okkur kjúkling og franskar í kvöldmatinn. Konan skrapp inn en við feðginin biðum úti í bíl, ég ennþá órakaður og krakkinn ennþá í náttfötunum. Bíllinn malaði eins og köttur, miðstöðin andaði á okkur notalegum yl og rúðuþurrkurnar sendu reglulega frá sér marrandi hljóð þegar þær struku hríðina af framrúðunni.

Við feðginin steinsofnuðum þarna í funheitum bílnum en ég hrökk upp af værum blundi við að bíldyr voru opnaðar. Þegar þeim var lokað aftur skellti ég í gír og tók af stað. Geispandi ók ég niður Þingvallastrætið en við spennistöðina dró úr geispum og ég varð fær um að ávarpa eiginkonuna.

Fátt varð um svör og þegar ég kom því í verk að líta til hliðar sá ég að sætið þar var autt.

Í baksýnisspeglinum blasti á hinn bóginn við innkaupapokinn sem konan hafði sett í aftursætið hjá sofandi dóttur okkar.

Glaðvaknaður keyrði ég til baka og náði inn á bílastæðið á því augnabliki er undrunarglampinn í augum yfirgefinnar konu var að breytast í reiðiblik.

Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.

Þrif og ræstivörur

Frostagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

VILTU AUGLÝSA Í NORÐURLANDI?
AUGLÝSINGASÍMINN ER 578-1190 NETFANGIÐ ER AUGLYSINGAR@FOTSPOR.IS